

## Áhugamenskunefnd GSÍ.

Ár 2004 þriðjudaginn 6.júlí kom Áhugamenskunefnd GSÍ saman í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru Örn Höskuldsson, Halldór Halldórsson og Georg H. Tryggvason.

Fyrir var tekin beiðni Gríms Þórissonar dags. 08.06.2004 um að hann öðlist áhugamannaréttindi kyllings aftur eftir að hafa misst þau í nóvember síðastliðið ár.

Málavextir eru þeir að h. 5. nóvember 2003 tók Áhugamenskunefnd GSÍ. ákvörðun um að svipta Grím Þórisson áhugamannsréttindum sínum fyrir brot gegn golfreglum sem fólgði var í því að hann þáði bifreið, Nissan Primera, í verðlaun.

Ákvörðun nefndarinnar var ekki áfrýjað.

Í golfreglum 3-2 a.segir að áhugamaður í golfi megi ekki þiggja verðlaun eða ávísun á verðlaun að smásöluverðmæti umfram ákveðin mörk. Þessi mörk gilda um samanlögð verðlaun eða ávísanir á verðlaun sem áhugamaður í golfi þiggur í einstöku móti eða mótasamfellu, að undanskyldum verðlaunum fyrir holi í höggi.

Í Evrópu GBP 300 eða jafngildi á þeim tíma sem brotið var framið.

Verðmæti þeirrar bifreiðar sem Grímur fékk í verðlaun er langt yfir þeim mörkum.

Í 9. kafla reglna um áhugamannaréttindi sem gilda frá 1.janúar 2004 eru ákvæði um endurheimt áhugamannaréttinda. Þar segir að biðtími fyrir endurheimt tengist að jafnaði því hve brotið var alvarlegt þ.e. hve verðmæti verðlauna sé umfram leyfilegt hámark o.sv.frv. Þó sé að jafnaði enginn umsækjandi hæfur til að endurheimta áhugamannaréttindin fyrr en hann hefur hegðað sér í samræmi við reglurnar í minnst eitt ár. Mælt er með því að áhugamenskunefndin lengi biðtímann í samræmi við hve brotið er alvarlegt með biðtíma upp í fimm ár fyrir alvarlegustu brotin.

Það er skoðun nefndarinnar að brot það sem hér um ræðir sé alvarlegt í þessum skilningi og að líklega hafi jafnhá verðlaun ekki verið í boði á golfmótum á Íslandi áður.

Þegar mál umsækjanda vegna brots á áhugamannareglum var til meðferðar hjá nefndinni var höfð uppi sú málsástæða að umsækjandi hefði ekki unnið bifreiðina fyrir frammistöðu í golfmótinu sjálfu. Þessi málsástæða dugði ekki til þess að hann héldi áhugamannaréttindum sínum enda reglur um þetta alveg skýrar.

Hins vegar geta slíkar málsástæður komið til athugunar þegar ákveða skal hve langur biðtími viðkomandi til að öðlast áhugamannaréttindi á ný skuli vera.


Nefndin lítur til þess að ef til vill hafi umsækjandi misskilið eða mistúlkað reglur um áhugamennsku enda hafi hann talið sig vera að taka þátt í happdrætti eins og hann segir sjálfur í bréfi sínu til nefndarinnar en um var að ræða nokkurs konar happdrætti bar sem aðeins þeir sem hittu inn í ákveðinn hring fengu nöfn sín sett í pott sem síðan var dregið úr nafn þess sem bilinn skyldi hræppa.


Mál þetta, svo alvarlegt sem það er, er án fordæmis. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun nefndarinnar.


Nefndin ákveður því að fari Grímur Þórisson eftir reglu 9-2 d í reglum um áhugamannaréttindi þ.e. fari eftir reglum um áhugamann í golfi og taki ekki þátt í golfmótum sem áhugamaður í golfi að öðru leiti en því sem tilvitnuð grein heimilar skuli hann endurheimta áhugamannaréttindi sín að liðnum 3 árum frá því kæra barst nefndinni eða 8. október 2003.

Heimilt er að áfrýja ákvörðun þessari til dómstóls GSÍ. innan tveggja vikna frá birtingu hans.

Erindi þetta barst Áhugamenskunefnd GSÍ. h. 29. 06.2004.

  
Halldór Halldórsson

  
Örn Höskuldsson

  
Georg H. Tryggvason